

Fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitu- og vatnagjald í Þingeyjarsveit

Gjaldskrá 2023

1. gr.

Fasteignaskattar:

- a) 0,625% af fasteignamati:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:
Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- c) 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1.apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 20.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.

Reglur um afslætti af fasteignaskatti:

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá elli og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Afsláttar njóta þeir;

- a) sem verða 67 ára á árinu eða eldri.
- b) sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2023.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

100% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 6.232.220.-

Hjón með árstekjur allt að kr. 8.637.640.-

80% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 6.232.221 til kr. 7.106.920.-

Hjón með árstekjur frá 8.637.641 til 9.621.680.-

50% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 7.106.921.- til kr. 8.200.290.-

Hjón með árstekjur frá kr. 9.621.681.- til kr. 10.059.030.-

Tekjuviðmið vegna afsláttar fasteignagjalda taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar hvert ár.
Annað verði óbreytt.

Við fráfalið mála eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfalið.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 14.12.2022
Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2023.

2. gr.

Vatns- og fráveitugjöld:

Vatnsgjald	0,21 % af fasteignamati en 0,15% í Mývatnssveit
Aukavatnsgjald	0,42 % af fasteignamati
Fráveitugjald	0,12 % af fasteignamati en 0,225% í Mývatnssveit

3. gr.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga	1,00 % af fasteignamati.
Lóðaleiga af landi samkvæmt sérstökum samningi þar um.	

4. gr.

Gjaldskráin er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 26.01.2023.

Gjaldskráin gildir frá 26. janúar 2023.